

Alþingi
Erindi nr. P 132/1599
komudagur 11.4.2006

Alþýðusamband Íslands
Landssamband íslenskra útvegsmanna
Samtök atvinnulífsins
Samtök fiskvinnslustöðva
Samtök iðnaðarins

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. apríl 2006

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 730. mál.

Alþýðusamband Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök atvinnulífsins, Samtök fiskvinnslustöðva og Samtök iðnaðarins standa sameiginlega að þessari umsögn.

Samtökin telja margt í frumvarpinu til verulegra bóta en annað miður, sérstaklega það sem lýtur að auknu áhrifavaldi ráðherra á starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og vaxandi tilhneigingar til þess að setja starfsemi hans óþarfar skorður.

Samtökin, bakhjarlar sjóðsins, hafa lagt ríka áherslu á mikilvægi NSA fyrir nýsköpun í landinu og nauðsyn þess að efla sjóðinn og gera hann enn sjálfstæðari og sveigjanlegri. Ákvörðun stjórnvalda um að ráðstafa hluta söluandvirðis Landssíma Íslands til NSA er verulegur áfangi á þeirri braut og ber að þakka ríkisstjórninni framsýni í þeim efnum. Það eru þess vegna vonbrigði að margt í frumvarpinu gengur þvert gegn vilja bakhjarla hans.

Nýsköpunarsjóður verði hlutafélag

Samtökin hefðu viljað fara aðrar leiðir en frumvarpið gerir ráð fyrir og gera sjóðinn sjálfstæðan, t.d. í formi hlutafélags og gera hann þar með sjálfstæðan í störfum sínum og betur í stakk búinn til þess að takast á við verkefni sín. Breyting af þessu tagi myndi gera sjóðinn að fýsilegri samstarfsaðila fyrir aðra fagfjárfesta á einkamarkaði. Um sjóðinn á að setja einfaldan lagaramma sem veitir sjóðnum nauðsynlegt svigrúm og stjórn hans verði treyst fyrir því að stjórna honum og setja sér starfsreglur án reglugerðarvalds eða íhlutunar ráðherra.

Samtökin leggja til að farin verði svipuð leið og í frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem nú liggur fyrir Alþingi sem mál nr. 734. Í lögunum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins yrði hliðstætt ákvæði og um ÁTVR að sala NSA hf. eða hluta hans, sameining hans við önnur félög eða slit hans yrðu óheimil, nema að fengnu samþykki bakhjarla hans SI, ASÍ, LÍÚ og SF.

Athugasemdir við frumvarpið:

Frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi hefur sem fyrr segir kosti og galla. Lagt er til að farnar verði aðrar leiðir en þar er gert ráð fyrir. Engu að síður þykir rétt að benda á helstu agnúana á frumvarpinu og fela í sér ótvíræða afturför frá því sem nú er.

Í 2. grein er gerð breyting á hlutverki sjóðsins og það fært til samræmis við þá stefnu sem stjórn sjóðsins hefur þegar markað. Í greinargerð er að finna skilgreiningu á því hvað er átt við með sprotafyrirtæki og vísað til greinargerðar með frumvarpinu um ráðstöfun söluandvirðis Landssímans. Rétt er að vekja athygli á því að þessu ákvæði var breytt í meðförum þingsins við aðra umræðu og ákveðið að ekki væri rétt að þrengja heimildir NSA með þessum hætti. **Það sama á við hér og er rétt að hnykkja á því í nefndaráliiti en texti greinarinnar getur staðið óbreyttur.**


Í 4. grein er gert ráð fyrir að setja takmörk við því hve lengi menn geta setið í stjórn NSA og lagt bann við því að tilnefna mann oftár en fimm sinnum. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir þessu fyrirkomulagi og er það nýmæli. Stjórn er endurnýjuð árlega til árs í senn. Það er því mjög auðvelt fyrir þá sem tilnefna í stjórn að gera breytingar. Raunar má færa rök fyrir því að það sé óheppilegt að skipa stjórn til svo skamms tíma í senn. Frá því að NSA tók til starfa hefur orðið veruleg endurnýjun í stjórninni án ákvæðis af því tagi sem hér er lagt til að setja. Að meðaltali hefur hver stjórnarmaður setið í 4 ár. Þeir sem hafa hætt í stjórninni hafa gert það að meðaltali eftir 4,8 ár. Meðaltími þeirrar stjórnar sem nú situr er 3,2 ár. **Eindregið er lagst gegn þessari breytingu og vandséð hvaða þörf er á henni enda ekki gert ráð fyrir hliðstæðum reglum annars staðar.**


Í 5. grein, staflíð b er gert ráð fyrir stjórn NSA setji sér „... reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir, sem ráðherra staðfestir“. Þetta ákvæði er með öllu óþarft. Stjórn sjóðsins setur þegar ítarlegar starfsreglur sem ráðherra staðfestir. **Þetta er dæmi um að auka á áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins það er afturför og þess vegna er lagst gegn þessu ákvæði.**

Í 7. grein er enn mælt fyrir um aukin afskipti ráðherra. Hér er gert ráð fyrir að hann setji sjóðnum fjárfestingarstefnu fyrir ávöxtun eigin fjár í reglugerð og til viðbótar á sjóðurinn að útfæra fjárfestingarstefnuna og enn á ráðherra að staðfesta. **Þetta er annað dæmi um að auka á áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins. Lagst er gegn þessu ákvæði.**

Í 8. grein er enn og aftur ákvæði um aukin afskipti ráðherra. Nú koma bæði iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra til skjalanna. Sérstakt leyfi þeirra þarf til stofnunar og þátttöku NSA í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum með öðru fjárfestum. **Hér er enn eitt dæmið um að auka á áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins. Lagst er gegn þessu ákvæði.**


Alþýðusamband Íslands


Landssamband íslenskra útvegsmanna


Samtök atvinnulífsins


Samtök fiskvinnslustöðva


Samtök iðnaðarins

Meðfylgjandi: Minnisblað frá 19. desember 2005 til iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Minnisblað

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins - NSA

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er fyrir margra hluta sakir sérstakur. Hann varð til með samkomulagi stjórnvalda og samtaka í iðnaði og sjávarútvegi þegar ákveðið var að gera róttækar breytingar á fjárfestingarlánasjóðum þessara atvinnugreina. Samkomulagið fól í sér að sameina eldri sjóði og skipta eiginfé þeirra í hlutföllunum 60/40 og stofna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) með sex milljarða króna stofnfé og NSA með fjögurra milljarða stofnfé. Ríkið einkavæddi og seldi FBA með góðum hagnaði sem rann í ríkissjóð. Samtök í iðnaði, sjávarútvegi og ASÍ fengu hins vegar í sinn hlut NSA. Þrátt fyrir að í lögum um hann segi að hann sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er það í raun einungis formsatriði þar sem ekki var hægt að benda á ákveðinn eiganda að gömlu fjárfestingarsjóðunum. Atvinnulífið fer samkvæmt lögum með meirihluta stjórnar sjóðsins og endurspeglar sú skipan fyrrgreint samkomulag um forræði atvinnulífsins yfir NSA.

NSA er áhættufjárfestir sem fjárfestir á grundvelli eigin mats á fjárfestingarkostum. Eðli málsins samkvæmt og lögum um sjóðinn er honum ætlað að stuðla að uppbyggingu arðvænlegs atvinnulífs hvar sem er á landinu með fjárfestingum sínum sem eiga að skila sjóðnum nægum arði til þess að geta staðið undir endurfjárfestingum.

NSA kemur aldrei einn að fjárfestingarverkefnum. Það liggur því í hlutarins eðli að NSA verður að geta treyst á samvinnu við aðra fjárfesta. Um skeið hefur NSA unnið að því að stofna til samstarfs við aðra fjárfesta um stofnun nýs framtakssjóðs, ekki síst á grundvelli fyrirheita um aukið fé í tengslum við sölu Landssíma Íslands hf. en þar er slík samvinna einmitt gerð að skilyrði.

Allar ráðgerðir um eða jafnvel einungis umtal um breytingar á starfsgrundvelli NSA valda óvissu sem veldur uppnámi í starfi NSA, ekki síst samstarfi hans og annarra fjárfesta. Það væri andstætt stefnu NSA yrði hann tengdur stoðkerfi sem sérstaklega er ætlað landsbyggðinni eða felur í sér að NSA verði með einhverjum hætti sjálfkrafa þátttakandi í fjárfestingum eða styrkveitingum. Með því yrði meðfjárfestum NSA gefið tilefni til að ætla að önnur sjónarmið en arðsemissjónarmið ráði ákvörðun um fjárfestingar. Það munu þeir ekki sætta sig við.

NSA þarf sem mest sjálfstæði í starfsemi sinni. Stjórn hans leggur kapp á fagleg, nútímaleg vinnubrögð og að efla tengsl og samvinnu við aðra fjárfesta innanlands en ekki síður erlendis. Gera þarf breytingar á lögum um NSA sem tryggja betur sjálfstæði hans og stöðugleika, t.d. varðandi launakjör starfsmanna og reglur um hámarkseignarhlut NSA í framtakssjóðum. Gera þarf lífeyrissjóðum auðveldara að koma að framtakssjóðum og setja þarf reglur um sérhæfð fjárfestingarfélag (samlagsfélag). Þá er rétt að kanna hvort skynsamlegt sé að breyta á rekstrarformi sjóðsins til að tryggja sveigjanleika hans og sjálfstæði enn frekar, t.d. að gera hann að sjálfseignarstofnun. Það er mjög óheppilegt fyrir fjárfesti eins og NSA og samstarfsaðila hans að vera sífellt háðir velvilja ráðherra og embættismanna um starfsumhverfi.

Bakhjarlar NSA benda á að tilvist og starfsemi sjóðsins er ekki einkamál stjórnvalda. Allar breytingar á starfsgrundvelli sjóðsins ber að gera í fullri samvinnu og sátt við bakhjarla hans hér eftir sem hingað til. Annað væri rof á sáttgjörð stjórnvalda og atvinnulífs.

Alpýðusamband Íslands,
Landssamband íslenskra útvegsmanna,
Samtök fiskvinnslustöðva,
Samtök iðnaðarins

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 132/1747
komudagur 24.4.2006

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

24. apríl 2006

Tilvísun: 2006040034


Efni: Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 730. mál.

Vísað er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2006, þar sem óskað er eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 730. mál. Samkvæmt frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir breytingum á hlutverki og starfsheimildum sjóðsins og er í því sambandi lagt til að Fjármálaeftirlitið muni framvegis ekki hafa eftirlit með sjóðnum eins og verið hefur frá stofnun hans, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum með 13. gr. frumvarpsins er breyting á eftirlitshlutverki Fjármálaeftirlitsins rökstudd nánar.

Fjármálaeftirlitið hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við umrædd áform um breytingar á eftirliti með sjóðnum né við aðrar breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Ragnar Hafliðason

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Sendandi: Viðskiptaráðuneyti

Dagsetning: 28.04.2006

Málsnúmer: IVR06030106

Bréfalykill: 53.010

Efni: Frv. um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, með síðari breytingum, 790. mál
730.

Tilmæli ráðherra:

Texti:

Meðfylgjandi eru viðbrögð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsagna sem borist hafa efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 730. mál. Einnig er í minnisblaði þessu að finna svör við spurningum þingmanna, sem komið hafa fram við meðferð málsins hjá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Rekstrarform Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins – 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins kemur fram að þau telja að gera ætti sjóðinn sjálfstæðan, t. d. í formi hlutafélags. Þá leggur Viðskiptaráð Íslands til að frumvarpið verði ekki að lögum, heldur verði þess í stað hugað að því að ríkið hætti beinni aðkomu að nýsköpun eða byggðapróun með sértækum aðgerðum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestingasjóður í eigu ríkisins. Honum er ætlað veigamikið hlutverk í nýsköpun og endurnýjun íslensks atvinnulífs með því að vera fyrstur fjárfesta til að sinna verkefnum sem lokið hafa tækniþróun og frumgerð afurðar. Þannig á hann að geta tekið við álitlegum verkefnum sem fengið hafa styrki úr Rannsóknarsjóði, til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, og úr Tækniþróunarsjóði, til tækniþróunar sem koma í kjölfar rannsókna.

Nýsköpunarsjóður starfar þannig á því stigi sem oft er nefnt frumstig nýsköpunar og þau fyrirtæki sem þar eru nefnast sprotafyrirtæki. Það er á þessu frumstigi nýsköpunarinnar sem áhætta fjárfestinga er mest og lýkur á því að þær leiði til arðvænlegs rekstrar eru hvað óvissastar. Almennir fjárfestar eru því eðli málsins

samkvæmt ekki sérlega fúsir til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum enda hefur reynslan sýnt að verulegir markaðsbrestir eru á þessu frumstigi nýsköpunar.

Vegna þessa markaðsbrests hefur reynst nauðsynlegt að ríkið komi inn með áhættufjármagn til að stuðla að því að fullþróaðar afurðir eigi möguleika á að þroskast í arðvænleg fyrirtæki. Ef almennur fjármagnsmarkaður teldi sig hafa ávinning af því að fjárfesta í sprotafyrirtækjum á frumstigi nýsköpunar þá væri engin þörf fyrir fjárfestingarsjóð i eigu ríkisins og því ástæða til að hætta rekstri á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Atvinnulífið hefur aftur á móti ekki sýnt fram á að það sé í stakk búið til að fjármagna sprotafyrirtæki á frumstigi nýsköpunar, þrátt fyrir að í það sé látið skína í umsögn Viðskiptaráðs Íslands. Vegna þess er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til.

Mjög mikilvægt að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sinni þessum markaðsbresti en verði ekki i samkeppni við aðra framtaksfjárfesta að þarflausu og því er talin ástæða til að skerpa á skilgreiningum á starfssvið sjóðsins og kveða á um það að hann taki þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Í b. lið 6. gr. er opnað fyrir útvistun á starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Þar segir að sjóðnum sé heimilt að semja við aðra aðila um tiltekna þjónustu honum til handa. Hér er vísað til áhuga fjármálafyrirtækja að taka að sér umsýslu á eigin fé Nýsköpunarsjóðs og væntanlegum samlagssjóði/-sjóðum sem stofnað verður til með eins og hálf milljarðs króna framlagi ríkisins á árunum 2007-2009. Ekki er ólíklegt að fjármálafyrirtæki geti náð sama eða betri árangri í ráðstöfun fjármuna sjóðsins og að ná markmiðum ríkisins í fjármögnun sprotafyrirtækja á frumstigi nýsköpunar atvinnulífsins. M.a. af þessari ástæðu hefur ekki komið til greina að binda starfsemi sjóðsins í hlutafélag eins og lagt er til í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um frumvarpið.

2. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins – 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði orðað með öðrum hætti en í gildandi lögum. Í 1. másl. er þannig gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs verði að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er vakin athygli á því að ákvæði þetta vísi til 5. gr. laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans. Í frumvarpi því er varð að lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hafi einungis verið tiltekið að Nýsköpunarsjóður skyldi verja auknum fjármunum til

fjárfestingar í sprotafyrirtækjum, en því hafi verið breytt í meðförum þingsins í nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Rétt sé að hnykkja á þessari breytingu í nefndaráli.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þetta.

3. Takmörkun á lengd stjórnarsetu – 4. gr. frumvarpsins.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að engan skuli skipa oftari en fimm sinnum í stjórnina. Þar sem stjórn er skipuð til eins árs í senn verður enginn skipaður til lengri tíma en fimm ára, verði frumvarpið að lögum. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er lagst gegn þessari breytingu og tekið fram að vandséð sé hvaða þörf sé á henni enda ekki gert ráð fyrir hliðstæðum reglum annars staðar.

Sjóðir sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum þurfa að hafa framsýna og skapandi stjórn. Því er í 4. gr. kveðið á um að stjórnarmenn verði ekki skipaðir til setu þar oftari en fimm sinnum. Stjórnarmenn Nýsköpunarsjóðs hafa flestir setið skemur en sem þessu nemur og er ekki séð að það breyti miklu fyrir skipunartíma núverandi stjórnarmanna. Hér er því fyrst og fremst um að ræða varúðarreglu, sem er í anda góðs verklags.

4. Staðfesting ráðherra á reglum – 5. og 7. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti reglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir. Þá er í 7. gr. gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti reglur sjóðsins um fjárfestingarstefnu vegna ávöxtun eigin fjár. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins kemur fram að ákvæðin séu dæmi um aukið áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins og lagst sé gegn þessum ákvæðum.

Í 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 er kveðið á um að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins heyrir undir viðskiptaráðherra. Í 5. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að starfsreglur sjóðsins skuli staðfestar af ráðherra. Ráðuneytið telur að staðfesting ráðherra á reglum sjóðsins sé nauðsynleg forsenda þess að ráðuneytið geti gegnt eftirlitshlutverki sínu. Ráðuneytið telur því, að ekki sé fært að afnema þá skyldu þess að staðfesta þær reglur sem sjóðurinn setur.

Mikilvægi þess að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sinni tryggilega fjárfestingu í sprotafyrirtækjum, sem almenni markaðurinn getur ekki sinnt, er veigamikill áhrifaþáttur í nokkrum breytingartillögum frumvarpsins. Að mati ráðuneytisins hefur sjóðurinn haft tilhneigingu til þess að leita frá þessu afmarkaða starfssviði sínu og litið fjárfestingar þar sem sjóðurinn er í samkeppni við aðra fjárfestingarsjóði hýru auga.

Ráðuneytið hefur litið svo á að sjóðurinn þurfi að hafa nokkurt svigrúm til fjárfestinga í fyrirtækjum sem komin eru framúr því þróunarstigi sem hér er nefnt sprotafyrirtæki og því er í frumvarpinu rætt um „að taka þátt í fjárfestingum í sprotu- og nýsköpunarfyrirtækjum“, án þess að orðið nýsköpunarfyrirtæki sé afmarkað sérstaklega með beinni skilgreiningu á sama hátt og gert er með sprotafyrirtæki. Í þeim tilgangi að tryggja að fjárfestingar sjóðsins séu innan þess sviðs sem markaðurinn telur sig ekki hafa hag af að sinna og vegna þeirra mikilvægu hagsmuna að samfella í fjármögnun nýsköpunar verði sem mest þarf ráðherra að hafa möguleika á því að veita leiðbeiningar ef stefnumörkun og starfsemi sjóðsins fer alvarlega á skjön við hlutverk sjóðsins. Á grundvelli þess er lögð áhersla á að ráðherra hafi möguleika á því að skoða þær reglur sem sjóðurinn setur sér um mat á fjárfestingatækifærum, lánsúmsóknum og ábyrgðum, sbr. 5. gr. frumvarpsins og staðfesta þær.

Ákvæði 7. gr. um að fjárfestingarstefna fyrir ávöxtun eigin fjár sem skuli dregin upp í reglugerð er af sama meiði og er ætlað að tryggja eftirlit með ráðstöfun fjármuna ríkisins sem í sjóðnum er bundin. Ástæður þessa má m.a. rekja til mjög mikillar rýrnunar eigin fjár sjóðsins frá stofnun hans, en um síðustu áramót var það um 3.050 m.kr. sem er rýrnun um nærri milljarð króna frá 1998.

Um síðustu áramót lagði ríkisstjórnin sjóðnum til einn milljarð króna og í ráði er að leggja honum til einn og hálfan milljarð til viðbótar á árunum 2007-2009. Þessar auknu fjárveitingar til sjóðsins leggja auknar ábyrgðir á herðar viðskiptaráðherra sem fer með málefni sjóðsins. Mikilvægt er að ráðherra hafi möguleika á því að veita stjórn sjóðsins leiðsögn um stefnumótun og starfshætti, sem er tilgangur ákvæða 5. og 7. gr. Að öðru leyti felast engin afskipti ráðherra af starfsemi sjóðsins og alls engin af daglegum rekstri hans.

5. Eigið fé Nýsköpunarsjóðs – ráðstöfunarfé – 7. gr. frumvarpsins, auk 8. og 9. gr. gildandi laga.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr., sem taka skuli breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007.

Í umsögn Ríkisendurskoðunar kemur fram að þetta lágmark kunni að virka nokkuð hamlandi á starfsemi sjóðsins. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 27. apríl. sl. komu einnig fram spurningar varðandi ráðstöfunarfé sjóðsins og reglur um

eigið fé.

Í 7. gr. frumvarpsins fjallað um varðveislu eiginfjár sjóðsins og kveðið á um að það skuli eigi vera minna en þrjár milljarðar kr. auk verðbóta. Í núverandi lögum og reglugerðum er gert ráð fyrir að eigið fé sé fjórir milljarðar króna auk verðbóta frá og með fjórða starfsári sjóðsins. Sjóðnum tókst ekki að viðhalda eiginfé skv. þessari grunnkröfu og hefur það rýrnað umtalsvert, eins og fram hefur komið. Í raun er því með ákvæði 7. gr. frumvarpsins verið að heimila sjóðnum að ráðstafa stærri hluta eiginfjár til fjárfestinga en nú er.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 27. apríl sl. kom fram spurning um hvað myndi gerast ef sjóðurinn næði ekki lágmarks eiginfjárkröfu. Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við slíkar aðstæður skuli ávaxta eigið fé skv. fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð er náð. Því er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti ekki fjárfest í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum við slíkar aðstæður.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 27. apríl sl. kom fram spurning og athugasemd um ráðstöfunarfé sjóðsins. Spurt var hvort ekki mætti nota eigið fé til fjárfestinga í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á gildandi rétti, að því er varðar hvaða fé Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að ráðstafa til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Í 8. gr. gildandi laga kemur fram að ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sé arður af eigin fé sjóðsins, afborganir og vextir af útlánum sjóðsins, hlutafjäreign sjóðsins og aðrar tekjur. Í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga kemur fram að til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. laganna megi ekki verja hærra upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmast innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skuli miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum um Nýsköpunarsjóð sagði um 8. gr. og 9. gr. að til ráðstöfunar verði eingöngu arður af stofnfé. Sjóðnum sé óheimilt að ganga á stofnfé sitt. Þá segir í almennum athugasemdum með framangreindu frumvarpi:

„Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði óheimilt að skerða stofnfé sitt og eðlilegt er að gera ráð fyrir að raunávöxtun hans til lengri tíma verði nokkur. Af þessum sökum mun ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma ráðast af raunávöxtun stofnfjár. Í því sambandi skiptir tvennt miklu máli, árangur fjárfestingarverkefna (arðsemi, afskriftir/töp) og fjárhæð framlaga til stuðningsverkefna sem ekki er reiknað með að endurgreiðist. Til þess að hindra að gengið verði á eigið fé er nauðsynlegt að fjárhagsuppgjör sjóðsins sýni ætíð raunhæft mat á þeirri áhættu sem tengist fjárfestingarverkefnum.“

Þannig er í gildandi rétti gert ráð fyrir að arður af eigin fé sjóðsins nægi fyrir áætluðum afskriftum vegna fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á gildandi rétti, hvað umrætt atriði varðar.

6. Leyfi iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra til þátttöku í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum – 8. gr. frumvarpsins.

Í 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að Nýsköpunarsjóði sé heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%, með samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins kemur fram að ákvæðið sé dæmi um aukið áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins og er lagst gegn þessu ákvæði.

Ráðuneytið vísar til umfjöllunar undir 4. lið vegna þessara athugasemda.

Meðfylgjandi eru viðbrögð iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsagna sem borist hafa efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 730. mál. Einnig er í minnisblaði þessu að finna svör við spurningum þingmanna, sem komið hafa fram við meðferð málsins hjá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Rekstrarform Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins – 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins kemur fram að þau telja að gera ætti sjóðinn sjálfstæðan, t. d. í formi hlutafélags. Þá leggur Viðskiptaráð Íslands til að frumvarpið verði ekki að lögum, heldur verði þess í stað hugað að því að ríkið hætti beinni aðkomu að nýsköpun eða byggðaþróun með sértækum aðgerðum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er áhættufjárfestingasjóður í eigu ríkisins. Honum er ætlað veigamikið hlutverk í nýsköpun og endurnýjun íslensks atvinnulífs með því að vera fyrstur fjárfesta til að sinna verkefnum sem lokið hafa tækniþróun og frumgerð afurðar. Þannig á hann að geta tekið við álitlegum verkefnum sem fengið hafa styrki úr Rannsóknarsjóði, til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, og úr Tækniþróunarsjóði, til tækniþróunar sem koma í kjölfar rannsókna.

Nýsköpunarsjóður starfar þannig á því stigi sem oft er nefnt frumstig nýsköpunar og þau fyrirtæki sem þar eru nefnast sprotafyrirtæki. Það er á þessu frumstigi nýsköpunarinnar sem áhætta fjárfestinga er mest og lýkur á því að þær leiði til arðvænlegs rekstrar eru hvað óvissastar. Almennir fjárfestar eru því eðli málsins samkvæmt ekki sérlega fúsir til að fjárfesta í sprotafyrirtækjum enda hefur reynslan sýnt að verulegir markaðsbrestir eru á þessu frumstigi nýsköpunar.

Vegna þessa markaðsbrests hefur reynst nauðsynlegt að ríkið komi inn með áhættufjármagn til að stuðla að því að fullþróaðar afurðir eigi möguleika á að þroskast í arðvænleg fyrirtæki. Ef almennur fjármagnsmarkaður teldi sig hafa ávinning af því að fjárfesta í sprotafyrirtækjum á frumstigi nýsköpunar þá væri engin þörf fyrir fjárfestingarsjóð í eigu ríkisins og því ástæða til að hætta rekstri á borð við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Atvinnulífið hefur aftur á móti ekki sýnt fram á að það sé í stakk búið til að fjármagna sprotafyrirtæki á frumstigi nýsköpunar, þrátt fyrir að í það sé látið skína í umsögn Viðskiptaráðs Íslands. Vegna þess er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins til.

Mjög mikilvægt að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sinni þessum markaðsbresti en verði ekki í samkeppni við aðra framtaksfjárfesta að þarflausu og því er talin ástæða til að skerpa á skilgreiningum á starfssvið sjóðsins og kveða á um það að hann taki þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Í b. lið 6. gr. er opnað fyrir útvistun á starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Þar segir að sjóðnum sé heimilt að semja við aðra aðila um tiltekna þjónustu honum til handa. Hér er vísað til áhuga fjármálafyrirtækja að taka að sér umsýslu á eigin fé Nýsköpunarsjóðs og væntanlegum samlagssjóði/-sjóðum sem stofnað verður til með eins og hálfis milljarðs króna framlagi ríkisins á árunum 2007-2009. Ekki er ólíklegt að fjármálafyrirtæki geti náð sama eða betri árangri í ráðstöfun fjármuna sjóðsins og að ná markmiðum ríkisins í fjármögnun sprotafyrirtækja á frumstigi nýsköpunar atvinnulífsins. M.a. af þessari ástæðu hefur ekki komið til greina að binda starfsemi sjóðsins í hlutafélag eins og lagt er til í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um frumvarpið.

2. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins – 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði orðað með öðrum hætti en í gildandi lögum. Í 1. másl. er þannig gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs verði að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er vakin athygli á því að ákvæði þetta vísi til 5. gr. laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans. Í frumvarpi því er varð að lögum um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans hafi einungis verið tiltekið að Nýsköpunarsjóður skyldi verja auknum fjármunum til fjárfestingar í sprotafyrirtækjum, en því hafi verið breytt í meðförum þingsins í nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Rétt sé að hnykkja á þessari breytingu í

nefndaráliti.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þetta.

3. Takmörkun á lengd stjórnarsetu – 4. gr. frumvarpsins.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að engan skuli skipa oftar en fimm sinnum í stjórnina. Þar sem stjórn er skipuð til eins árs í senn verður enginn skipaður til lengri tíma en fimm ára, verði frumvarpið að lögum. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er lagst gegn þessari breytingu og tekið fram að vandséð sé hvaða þörf sé á henni enda ekki gert ráð fyrir hliðstæðum reglum annars staðar.

Sjóðir sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum þurfa að hafa framsýna og skapandi stjórn. Því er í 4. gr. kveðið á um að stjórnarmenn verði ekki skipaðir til setu þar oftar en fimm sinnum. Stjórnarmenn Nýsköpunarsjóðs hafa flestir setið skemur en sem þessu nemur og er ekki séð að það breyti miklu fyrir skipunartíma núverandi stjórnarmanna. Hér er því fyrst og fremst um að ræða varúðarreglu, sem er í anda góðs verklags.

4. Staðfesting ráðherra á reglum – 5. og 7. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti reglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir. Þá er í 7. gr. gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti reglur sjóðsins um fjárfestingarstefnu vegna ávöxtun eigin fjár. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins kemur fram að ákvæðin séu dæmi um aukið áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins og lagst sé gegn þessum ákvæðum.

Í 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 er kveðið á um að ráðuneyti hafi eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins heyrir undir viðskiptaráðherra. Í 5. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að starfsreglur sjóðsins skuli staðfestar af ráðherra. Ráðuneytið telur að staðfesting ráðherra á reglum sjóðsins sé nauðsynleg forsenda þess að ráðuneytið geti gegnt eftirlitshlutverki sínu. Ráðuneytið telur því, að ekki sé fært að afnema þá skyldu þess að staðfesta þær reglur sem sjóðurinn setur.

Mikilvægi þess að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sinni tryggilega fjárfestingu í sprotafyrirtækjum, sem almenni markaðurinn getur ekki sinnt, er veigamikill

áhrifaþáttur í nokkrum breytingartillögum frumvarpsins. Að mati ráðuneytisins hefur sjóðurinn haft tilhneigingu til þess að leita frá þessu afmarkaða starfssviði sínu og litið fjárfestingar þar sem sjóðurinn er í samkeppni við aðra fjárfestingarsjóði hýru auga.

Ráðuneytið hefur litið svo á að sjóðurinn þurfi að hafa nokkurt svigrúm til fjárfestinga í fyrirtækjum sem komin eru framúr því þróunarstigi sem hér er nefnt sprotafyrirtæki og því er í frumvarpinu rætt um „að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum“, án þess að orðið nýsköpunarfyrirtæki sé afmarkað sérstaklega með beinni skilgreiningu á sama hátt og gert er með sprotafyrirtæki. Í þeim tilgangi að tryggja að fjárfestingar sjóðsins séu innan þess sviðs sem markaðurinn telur sig ekki hafa hag af að sinna og vegna þeirra mikilvægu hagsmuna að samfella í fjármögnun nýsköpunar verði sem mest þarf ráðherra að hafa möguleika á því að veita leiðbeiningar ef stefnumörkun og starfsemi sjóðsins fer alvarlega á skjön við hlutverk sjóðsins. Á grundvelli þess er lögð áhersla á að ráðherra hafi möguleika á því að skoða þær reglur sem sjóðurinn setur sér um mat á fjárfestingataekifærum, lánsúmsóknum og ábyrgðum, sbr. 5. gr. frumvarpsins og staðfesta þær.

Ákvæði 7. gr. um að fjárfestingarstefna fyrir ávöxtun eigin fjár sem skuli dregin upp í reglugerð er af sama meiði og er ætlað að tryggja eftirlit með ráðstöfun fjármuna ríkisins sem í sjóðnum er bundin. Ástæður þessa má m.a. rekja til mjög mikillar rýrnunar eigin fjár sjóðsins frá stofnun hans, en um síðustu áramót var það um 3.050 m.kr. sem er rýrnun um nærri milljarð króna frá 1998.

Um síðustu áramót lagði ríkisstjórnin sjóðnum til einn milljarð króna og í ráði er að leggja honum til einn og hálfan milljarð til viðbótar á árunum 2007-2009. Þessar auknu fjárveitingar til sjóðsins leggja auknar ábyrgðir á herðar viðskiptaráðherra sem fer með málefni sjóðsins. Mikilvægt er að ráðherra hafi möguleika á því að veita stjórn sjóðsins leiðsögn um stefnumótun og starfshætti, sem er tilgangur ákvæða 5. og 7. gr. Að öðru leyti felast engin afskipti ráðherra af starfsemi sjóðsins og alls engin af daglegum rekstri hans.

5. Eigið fé Nýsköpunarsjóðs – ráðstöfunarfé – 7. gr. frumvarpsins, auk 8. og 9. gr. gildandi laga.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj. kr., sem taka skuli breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá 1. janúar 2007.

Í umsögn Ríkisendurskoðunar kemur fram að þetta lágmark kunní að virka nokkuð hamlandi á starfsemi sjóðsins. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 27. apríl. sl. komu einnig fram spurningar varðandi ráðstöfunarfé sjóðsins og reglur um eigið fé.

Í 7. gr. frumvarpsins fjallað um varðveislu eiginfjár sjóðsins og kveðið á um að það skuli eigi vera minna en þrjú milljarðar kr. auk verðbóta. Í núverandi lögum og reglugerðum er gert ráð fyrir að eigið fé sé fjórir milljarðar króna auk verðbóta frá og með fjórða starfsári sjóðsins. Sjóðnum tókst ekki að viðhalda eiginfé skv. þessari grunnkröfu og hefur það rýrnað umtalsvert, eins og fram hefur komið. Í raun er því með ákvæði 7. gr. frumvarpsins verið að heimila sjóðnum að ráðstafa stærri hluta eiginfjár til fjárfestinga en nú er.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 27. apríl sl. kom fram spurning um hvað myndi gerast ef sjóðurinn næði ekki lágmarks eiginfjárkröfu. Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við slíkar aðstæður skuli ávaxta eigið fé skv. fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð er náð. Því er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti ekki fjárfest í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum við slíkar aðstæður.

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hinn 27. apríl sl. kom fram spurning og athugasemd um ráðstöfunarfé sjóðsins. Spurt var hvort ekki mætti nota eigið fé til fjárfestinga í sprotar- og nýsköpunarfyrirtækjum.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á gildandi rétti, að því er varðar hvaða fé Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að ráðstafa til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Í 8. gr. gildandi laga kemur fram að ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sé arður af eigin fé sjóðsins, afborganir og vextir af útlánnum sjóðsins, hlutafjareign sjóðsins og aðrar tekjur. Í 2. mgr. 9. gr. gildandi laga kemur fram að til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. laganna megi ekki verja hærrí upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skuli miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum um Nýsköpunarsjóð sagði um 8. gr. og 9. gr. að til ráðstöfunar verði eingöngu arður af stofnfé. Sjóðnum sé óheimilt að ganga á stofnfé sitt. Þá segir í almennum athugasemdum með framangreindu frumvarpi:

„Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði óheimilt að skerða stofnfé sitt og eðlilegt er að gera ráð fyrir að raunávöxtun hans til lengri tíma verði nokkur. Af þessum sökum mun ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma ráðast af raunávöxtun stofnfjár. Í því sambandi skiptir tvennt miklu máli, árangur fjárfestingarverkefna (arðsemi, afskriftir/töp) og fjárhæð framlaga til stuðningsverkefna sem ekki er reiknað með að endurgreiðist. Til þess að hindra að gengið verði á eigið fé er nauðsynlegt að fjárhagsuppgjör sjóðsins sýni ætíð raunhæft mat á þeirri áhættu sem tengist fjárfestingarverkefnum.“

Þannig er í gildandi rétti gert ráð fyrir að arður af eigin fé sjóðsins nægi fyrir áætluðum afskriftum vegna fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á gildandi rétti, hvað umrætt atriði varðar.

6. Leyfi iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra til þátttöku í

samlagssjóðum og samlagshlutafélögum – 8. gr. frumvarpsins.

Í 8. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að Nýsköpunarsjóði sé heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%, með samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Í sameiginlegri umsögn Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka iðnaðarins og umsögn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins kemur fram að ákvæðið sé dæmi um aukið áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins og er lagst gegn þessu ákvæði.

Ráðuneytið vísar til umfjöllunar undir 4. lið vegna þessara athugasemda.



Efnahagsnefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2006

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 730. mál.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur frá stofnun haft þýðingarmikið hlutverk við fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja hér á landi. Mikilvægt er að á Íslandi sé starfandi fjárfestir sem er tilbúinn til að leggja fram fé í viðskiptahugmyndir snemma á þróunarferlinu og að sá fjárfestir stuðli að því að skapa vermæti sem fyrst úr viðskiptahugmyndinni.


Impra, nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun átti mjög gott samstarf við Nýsköpunarsjóð frá stofnun Impru fram til ársins 2002. Samstarfið fólst meðal annars í þátttöku sjóðsins í fjármögnun starfseminnar, með framlagi til sérstakra stuðningsverkefna sem Impra sá um að framkvæma. Þetta samstarf reyndist farsælt allt fram til þess að sjóðurinn varð að draga úr slíkum styrkjum vegna slæmrar fjárhagsstöðu. Í frumvarpinu er lagt til að sjóðurinn hætti að veita styrki. Þrátt fyrir að Impra, nýsköpunarmiðstöð hafi notið góðs af stuðningi Nýsköpunarsjóðs telur Iðntæknistofnun að það sé rétt stefna að sjóðurinn einbeiti sér að fjárfestingum og leggi af styrkveitingar. Slíkt mun skerpa stefnu og vinnulag sjóðsins. Ástæða er þó til að vekja athygli á mikilvægi þess að íslensk fyrirtæki hafi aðgang að stuðningi til nýsköpunar og þróunarstarfs, hliðstæðum þeim stuðningsverkefnum sem Impra stóð fyrir í nafni Nýsköpunarsjóðs. Í dag hafa fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu afar takmarkaðan aðgang að slíkum stuðningi. Mikilvægt er að slíkur stuðningur sé fyrir hendi fyrir fyrirtæki um allt land. Mikilvægt er að fjármagni sé veitt til slíkra verkefna úr Átaki til atvinnusköpunar og/eða Tækniþróunarsjóði, en til þess að svo geti orðið er mikilvægt að sjóðurinn vaxi enn frekar.

Gert er ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs breytist og sjóðurinn taki nú aðeins þátt í „fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.“ Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að verulegur skortur hafi verið á framboði fjármagns til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. Iðntæknistofnun tekur undir þessi sjónarmið. Fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að með þessu er átt við sprotafyrirtæki sem verja meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókn- og þróunarstarfsemi. Iðntæknistofnun tekur undir mikilvægi þessarar áherslu, en leggur áherslu á að fyrirtæki á breiðu sviði atvinnulífsins verða að hafa aðgang að fjármögnun nýsköpunarverkefna. Hér er átt við fyrirtæki á sviðum skapandi greina, þjónustustarfsemi o. fl. Þó að gera megji ráð fyrir að nýir samlagssjóðir muni koma að fjármögnun verkefna á þessum sviðum má ekki útiloka fyrirtæki sem starfa á þessum sviðum frá fyrirgreiðslu Nýsköpunarsjóðs.

Nýrri heimild sjóðsins og auknum fjármunum til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum er fagnað. Vænta má að með þátttöku Nýsköpunarsjóðs og öflugra fjárfesta s.s. lífeyrissjóða, verði til áhættufjárfestingarsjóðir sem stuðla munu að öflugri nýsköpun hér á landi á komandi árum.

Rannsóknir á starfi hliðstæðra sjóða hafa sýnt fram á að mikilvægt er að sjóðirnir sérhæfi sig í tilteknum tegundum fjárfestinga. Áhættufjárfestingasjóðir þurfa að vera áhrifafjárfestar, þar sem þeir koma að rekstri fyrirtækja með beinum hætti í stjórnir og hafa áhrif á viðskiptastefnu, stefnumótun og framtíðarsýn, ráðningu stjórnenda, leiðsögn um viðskipti, markaði og stjórnun, tengsl við birgja, banka, aðra fjárfesta o.s.frv.

Virðingarfyllst,



Hallgrímur Jonasson

Forstjóri Iðntæknistofnunar



Berglind Hallgrímsdóttir

framkvæmdastjóri Impru


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð
atvinnulífsins nr. 61/1997.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 12. apríl s.l., óskað eftir umsögn samtakanna við ofangreindu frumvarpi, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk sjóðsins og að hann muni einungis taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækum, en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna umræddu frumvarpi, sérstaklega því ákvæði þess sem kveður á um heimild til handa Nýsköpunarsjóði að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum. Lagt er til að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi Alþingi.

Virðingarfyllt,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 132/1615
komudagur 18.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 730. mál.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ræddi á fundi sínum í dag frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Stjórn NSA telur margt í frumvarpinu til verulegra bóta en annað síður. Mikilvægt er að efla sjóðinn og gera hann enn sjálfstæðari og sveigjanlegri en nú er. Ákvörðun stjórnvalda um að ráðstafa hluta söluandvirðis Landssíma Íslands til NSA er verulegur áfangi á þeirri braut og ber að þakka ríkisstjórninni framsýni í þessum efnum. Margt í frumvarpinu vinnur hins vegar gegn þessum markmiðum og gerir sjóðinn síður í stakk búinn til þess að takast á við verkefni sín og vinna með öðrum fagfjárfestum á einkamarkaði.

Stjórn NSA telur engan vafa leika á mikilvægi sjóðsins fyrir nýsköpun í landinu og tilurð og vöxt fyrirtækja sem skapa virðisauka og arðsöm störf og fjölbreytt atvinnulíf.

Rekstrarformi Nýsköpunarsjóðs verði breytt í hlutafélag

Stjórn NSA telur skynsamlegt að um sjóðinn sé einfaldur lagarammi sem veitir honum nauðsynlegt svigrúm og að stjórn hans verði treyst fyrir því að stjórna honum á grundvelli þess lagaramma og setja sér starfsreglur.

Heppilegast er að fara svipaða leið og í frumvarpi til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem nú liggur fyrir Alþingi sem mál nr. 734. Í lögnum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins yrði hliðstætt ákvæði og um ÁTVR að sala NSA hf. eða hluta hans, sameining hans við önnur félög eða slit hans eru óheimil.

Almennt um frumvarpið:

Frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi hefur sem fyrr segir bæði kosti og galla. Þrátt fyrir að stjórn NSA telji rétt að fara aðrar leiðir en þar er lagt til vill stjórnin engu að síður benda á helstu agnúana á frumvarpinu og fela í sér ótvíræða afturför frá því sem nú er að mati hennar. Aðrar breytingar teiur stjórnin til bóta og gerir þær því ekki að sérstöku umtalsefni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Í 2. grein er gerð breyting á hlutverki sjóðsins og það fært til samræmis við þá stefnu sem stjórn sjóðsins hefur þegar markað í góðri samvinnu við bakhjarla sína og ráðuneyti sjávarútvegs og iðnaðar. Í greinargerð með frumvarpinu er að finna skilgreiningu á því hvað er átt við með sprotafyrirtæki og vísað til greinargerðar með frumvarpinu um ráðstöfun söluandvirðis Landssímans. Stjórnin vil vekja athygli á því að ákvæðinu sem greinargerðin með símafrumvarpinu fjallar um var



breytt í meðförum þingsins við aðra umræðu og ákveðið að ekki væri rétt að þrengja heimildir NSA með þessum hætti eins og fram kemur í greinargerð með breytingartiliðgunni.

Það sama á við hér. Nauðsynlegt er að hnykkja á því í nefndaráliti en texti greinarinnar getur staðið óbreyttur eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 4. grein er gert ráð fyrir að setja takmörk við því hve lengi einstaklingar geta setið í stjórn NSA og lagt bann við því að tilnefna hvern mann oftari en fimm sinnum. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir þessu fyrirkomulagi en það er nýmæli sem ekki virðist tekið upp við skipan annarra stjórnna, nefnda eða ráða. Stjórn NSA er endurnýjuð árlega til árs í senn. Það er því mjög auðvelt fyrir þá sem tilnefna í stjórn að gera breytingar þegar það þykir nauðsynlegt. Raunar má færa rök fyrir því að það sé óheppilegt að skipa stjórn til svo skamms tíma í senn. Í starfsemi af því tagi sem NSA fæst við er einmitt lögð rík áhersla á festu og úthald þeirra sem að fjárfestingunum koma. Frá því að NSA tók til starfa hefur orðið talsverð endurnýjun í stjórninni án ákvæðis af því tagi sem hér er lagt til að setja. Að meðaltali hefur hver stjórnarmaður setið í 4 ár. Þeir sem hafa hætt í stjórninni hafa gert það að meðaltali eftir 4,8 ár. Meðalstarfsaldur þeirrar stjórnar sem nú situr er 3,2 ár. *Vandséð er að heppilegt sé að takmarka stjórnarsetu með þeim hætti sem hér er lagt til og telur stjórn NSA þessa breytingu óþarfa.*

Í 5. grein, staflíð b er gert ráð fyrir stjórn NSA setji sér „...reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir, **sem ráðherra staðfestir**“. Þetta ákvæði er með öllu óþarft. Stjórn sjóðsins setur þegar ítarlegar starfsreglur sem ráðherra staðfestir.

Hér er verið að auka áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins. Það er afturför vegna þess að það dregur úr sjálfstæði sjóðsins, ekki síst í augum samstarfsaðila og þess vegna er lagst gegn þessu ákvæði.

Í 7. grein er gert ráð fyrir að ráðherra setji sjóðnum fjárfestingarstefnu fyrir ávöxtun eigin fjár í reglugerð og til viðbótar á sjóðurinn að útfæra fjárfestingarstefnuna og enn á ráðherra að staðfesta.

Enn er verið að auka á áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins. Lagst er gegn þessu ákvæði með sömu rökum og áður.

Í 8. grein er mælt fyrir um að sérstakt leyfi iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra þurfi til stofnunar og þátttöku NSA í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum með öðrum fjárfestum.

Enn er verið að auka á áhrifavald og sýnileika ráðherra í störfum sjóðsins. Lagst er gegn þessu ákvæði með sömu rökum og áður.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS

Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P132/1876
komudagur 26.4.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

Dagsetning
26. apríl 2006

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 730. mál, hlutverk og starfsemi sjóðsins.

Ofangreint frumvarp hefur í för með sér umtalsverðar breytingar á hlutverki Nýsköpunarsjóðs. Það gerir m.a. ráð fyrir að framvegis taki sjóðurinn einungis þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum en veiti ekki lán, ábyrgðir og styrki nema í undantekningartilvikum. Í samræmi við þessar breytingar á hlutverki hans er jafnframt lagt til að sjóðurinn lúti framvegis ekki eftirliti Fjármálaeftirlitsins heldur verði lögbundið eftirlit og endurskoðunarskylda Ríkisendurskoðunar látið nægja í því efni.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3 milljarðar króna. Að mati Ríkisendurskoðunar kann þetta lágmark að virka nokkuð hamlandi á starfsemi sjóðsins. Er þá gengið út frá því að Nýsköpunarsjóður muni ekki hafa úr öðrum fjármunum að spila en ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Að öðru leyti gerir Ríkisendurskoðun ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Sj. þat →
Linnó Gunn.



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1804
komudagur 25.4.2006


24. apríl 2006


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 12. apríl 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 730. mál, hlutverk og starfsemi sjóðsins.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Jón Sigurðsson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 132/1997
komudagur 2. 5. 2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi;
150 Reykjavík;
;

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg

Borgartúni 21, 2. hæð

IS-105 Reykjavík

Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 02.05.2006

Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Boð um umsögn um 730. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997 með síðari breytingum (132. löggjafarþing)

Pakkað er bréf yðar, dags. 12. apríl sl., varðandi ofangreint þingmál og beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að svara innan þess frests sem gefinn var.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsröðunar tek ég ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,


Gísli Tryggvason.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirætlum frá öðrum



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1826
komudagur 25.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997 (730. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er tengt frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (mál 731).

Ekki verða gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, heldur er ætlunin að fjalla almennt um það hvernig ráðið telur að aðkomu opinberra aðila að nýsköpun og atvinnuþróun ætti að vera háttáð. Opinberir aðilar koma nú að nýsköpun og byggðapróun með beinum og sértækum hætti, einkum með fjármögnun slíkra verkefna. Ekki er lagt til í frumvarpinu að mikil breyting verði á þessari aðkomu hins opinbera þótt ýmsum formsatriðum sé breytt.

Íslensku bönkunum hefur vaxið fiskur um hrygg á síðust árum í kjölfar þess að þeir voru einkavæddir. Eru þeir vel í stakk búnir til að fjármagna ýmsa atvinnustarfsemi hérlendis. Þegar fyrirtæki leita á náðir opinberra sjóða um fjármögnun er það oftast en ekki vegna þess að bankar hafa ekki séð sér hag í að fjármagna þá starfsemi. Ástæðan er yfirleitt sú að talið hefur verið að verkefnið sé of áhættusamt í samanburði við líklega ávöxtun þess. Þegar það er raunin, er vandséð að æskilegt sé fyrir hið opinbera að fjármagna starfsemi sem aðrir hafa ekki séð sér hag í að gera. Gífurleg vanskil af lánnum Byggðastofnunar ættu því ekki að þurfa koma neinum í opna skjöldu.

Ef opinberir aðilar vilja auka nýsköpun og bæta atvinnulíf á landsbyggðinni verður það best gert með almennum aðgerðum, en ekki sértækum. Það er skoðun Viðskiptaráðs að það sé hlutverk ríkisins að skapa hér góðan jarðveg fyrir atvinnurekstur alls staðar á landinu í öllum atvinnugreinum. Slíkur jarðvegur verður best skapaður með lágum sköttum og einföldu regluverki sem er lítið íþyngjandi.

Atvinnulífið hefur sýnt það í verki að það er sjálft í stakk búið til að fjármagna og styðja við bakið á nýsköpun. Nú síðast sýndi Háskólinn í Reykjavík, sem Viðskiptaráð starfrækir, gott fordæmi og tilkynnti um stofnun

Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins. Verður hún staðsett í Morgunblaðshúsinu við Kringluna.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði ekki að lögum, heldur verði þess í stað hugað að því að ríkið hætti beinni aðkomu að nýsköpun eða byggðapróun með sértækum aðgerðum.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Frá: Viðskiptaráðuneytinu.

Dags.: 28. apríl 2006

Efni: Samanburður á gildandi rétti og frumvarpi um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, 730. mál.

Í samræmi við ósk nefndarinnar, er meðfylgjandi samanburður á gildandi rétti og frumvarpi um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/199, með síðari breytingum, 730. mál. Í fyrsta dálki eru gildandi lög. Í öðrum dálki eru gildandi lög með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Viðbætur eru gefnar til kynna með feitletrun. Athugasemdir við viðkomandi greinar eru í þriðja dálki.

Gildandi lög	Gildandi lög, með breytingum skv. frv.	Athugasemdir skv. grg. með frv.
I. kafli. Almenn ákvæði. ■1. gr. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra. <input type="checkbox"/> Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó II. kafla.	I. kafli. Almenn ákvæði. ■1. gr. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra. <input type="checkbox"/> Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.	Þar sem lagt er til að tryggingardeild útflutnings flytjist yfir til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er gert ráð fyrir að tilvísun í 1. gr. til II. kafla laganna falli niður. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði áfram sjálfstæð stofnun, sem gerir það að verkum að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru ekki kærnanlegar til ráðuneytisins. Hins vegar verður Nýsköpunarsjóður, sem stofnun í eigu ríkisins sem grundvöllur er á lögum, að fylgja stjórnslulögum við framkvæmd laganna, eins og við á.
■2. gr. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og	■2. gr. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og	Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði takmarkað við fjárfestingar, þ. e. beinar fjárfestingar í nýsköpunar og sprotafyrirtækjum, og óbeinar í gegnum

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2106
Korudagur 15. S. 2006

<p>kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána skv. II. kafla.</p> <p><input type="checkbox"/> Í starfsemi sinni er sjóðnum heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar.</p>	<p>nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í starfsemi sinni skal Nýsköpunarsjóður taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.</p> <p><input type="checkbox"/> Í starfsemi sinni er sjóðnum heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar.</p>	<p>samlagssjóði og samlagshlutafélög. Einnig sé Nýsköpunarsjóði heimilt að veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum, sbr. 8. gr. frumvarpsins.</p> <p>Með sprotafyrirtækjum er átt við fyrirtæki með innan við 50 starfsmenn og ársveltu innan við 500 millj. kr. sem byggir starfsemi sína á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi og ver meira en 10% af veltu í viðurkennda rannsókn- og þróunarstarfsemi, sbr. athugasemdir með 5. gr. frumvarps til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Einnig er tekið fram að Nýsköpunarsjóður skuli taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.</p>
<p>3. gr. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að veita lán og ábyrgðir án sérstakra trygginga annarra en þeirra er felast í verkefnum sjálfum.</p> <p><input type="checkbox"/> Sjóðnum er heimilt að nýta sér afl atkvæða sinna í samræmi við hlutafjáreign sína.</p>	<p>3. gr. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að nýta sér afl atkvæða sinna í samræmi við hlutafjáreign sína.</p>	<p>Þar sem kveðið er á um heimildir Nýsköpunarsjóðs til að veita lán og ábyrgðir í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 3. gr. verði felld brott. Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.</p>
<p>4. gr. [Halda skal ársfund Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir 31. maí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.</p> <p><input type="checkbox"/> Viðskiptaráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til eins árs í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu</p>	<p>4. gr. [Halda skal ársfund Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir 31. maí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.</p> <p><input type="checkbox"/> Viðskiptaráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til eins árs í senn. Engan skal þó skipa oftari en fimm sinnum í</p>	<p>Telja verður æskilegt að nokkur endurnýjun verði í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og er í greininni lagt til að stjórnarmenn sitji að hámarki í fimm ár í stjórn sjóðsins.</p>

<p>iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum. □Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.]¹⁾ <i>¹⁾L. 35/2000, 1. gr.</i></p>	<p>stjórnina. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum. □Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.]¹⁾ <i>¹⁾L. 35/2000, 1. gr.</i></p>	
<p>5. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir. Verkefni stjórnar eru m.a. þessi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Stefnumótun og gerð starfsreglna sem staðfestar skulu af ráðherra. 2. Ráðning framkvæmdastjóra. 3. Samþykkt rekstraráætlunar sem gerð skal fyrir fram, eitt ár í senn. 4. Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins. 5. Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjármögnun, svo sem hlutafjárkaupum, lánveitingum sjóðsins, veitingu styrkja og ábyrgða og ákvarðanir um tryggingar og lánakjör. 	<p>5. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir. Verkefni stjórnar eru m.a. þessi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Stefnumótun og gerð starfsreglna sem staðfestar skulu af ráðherra. 2. Ráðning framkvæmdastjóra. 3. Samþykkt rekstraráætlunar sem gerð skal fyrir fram, eitt ár í senn. 4. Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins. 5. Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjárfestingum, veitingu lána og ábyrgða, auk ákvarðana um tryggingar og kjör. 6. Ávöxtun fjár. <p>Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins</p>	<p>Ákvæði a-liðar leiðir af þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki. Í ákvæði b-liðar er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setji sér reglur um sjónarmið við mat á fjárfestingartækifærum, og veitingu lána og ábyrgða, sem ráðherra staðfesti. Telja verður eðlilegt að skýrar reglur liggi fyrir um hvernig meta beri fjárfestingartækifæri og umsóknir um lán og ábyrgðir, t. d. hvaða upplýsingar eigi að liggja fyrir við mat, hvernig matið fer fram, hvaða sjónarmið séu lögð til grundvallar o.s.frv. Þá er áréttað að ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs séu endanlegar á stjórnarsýslustigi. Ákvarðanir sjóðsins um í</p>

<p>6. Ávöxtun fjár.</p>	<p>skal setja sér reglur um mat á fjárfestingartækifærum, auk umsókna um lán og ábyrgðir, sem ráðherra staðfestir. Ákvarðanir Nýsköpunarsjóðs eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.</p>	<p>hvaða fyrirtækjum skal fjárfest eru því ekki kærانlegar til ráðuneytisins. Telja verður að regla þessi leiði af ákvæðum 1. gr. um að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sé sjálfstæð stofnun. Hins vegar er talið rétt að áréttta þennan skilning í þessari grein.</p>
<p>6. gr. Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um veitingu lána, ábyrgða eða styrkja innan tiltekinna marka. <input type="checkbox"/> Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun sjóðsins eða tiltekna þjónustu honum til handa, með samþykki ráðherra.</p>	<p>6. gr. Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um fjárfestingar og veitingu lána og ábyrgða. <input type="checkbox"/> Nýsköpunarsjóði er heimilt að semja við aðra aðila um tiltekna þjónustu honum til handa.</p>	<p>Tillögur sem felast í a-lið greinarinnar leiða af þeirri tillögu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki. Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að heimilt sé að útvista verkefnum. Til dæmis kæmi til greina að Nýsköpunarmiðstöð Íslands tæki að sér afmörkuð verkefni fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sbr. frumvarp um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.</p>
<p>7. gr. Stofnfé Nýsköpunarsjóðs skal vera 4.000 millj. kr. af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Afhenda skal sjóðnum tilgreinda fjárhæð þegar hann tekur til starfa, annars vegar með markaðshæfum hlutabréfum í eigu sjóðanna og hins vegar með verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. til 10 ára með 20 afborgunum sem bera skal almenna markaðsvexti. <input type="checkbox"/> Auk stofnfjár skv. 1. mgr. skal</p>	<p>7. gr. Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skal að lágmarki vera 3.000 millj. kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., skal ávaxtað samkvæmt fjárfestingarstefnu sem mælt er fyrir um í reglugerð. Nýsköpunarsjóður skal semja við aðila, sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár sem ekki er bundið í verkefnum skv.</p>	<p>Í ákvæði þessu er mælt fyrir um lágmarks eigið fé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Einungis megi ávaxta eigið fé, sem ekki er bundið í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr., í samræmi við fjárfestingarstefnu sem ráðherra mælir fyrir um í reglugerð. Stjórn sjóðsins setji síðan frekari reglur um útfærslu á þeirri fjárfestingarstefnu. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar og þar sem ekki er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi marga starfsmenn er mælt fyrir um að útvista skuli fjárvörslu eigin fjár, sem ekki er bundið í verkefnum</p>

ríkissjóður greiða Nýsköpunarsjóði 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutfjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og háækni. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal bjóða út vörslu fjárens og ráðstöfun í einingum með það að markmiði að hámarka arð eignarinnar samkvæmt nánari reglum¹⁾ sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarinnar. [Útboðnar einingar skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs.]²⁾ Ákvæði 2. mgr. 9. gr. á ekki við um ráðstöfun fjár samkvæmt þessari málsgrein.

[Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal varðveitt í sérstakri deild sem haldið skal aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Deildin skal veita framlög til þróunar- og markaðsverkefna samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur og staðfestar eru af ráðherra. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 9. gr. er árlega heimilt að

1. mgr. 2. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setur nánari reglur um fjárfestingarstefnu, sem ráðherra staðfestir.

Nú nær eigið fé ekki lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. og skal þá ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð.

skv. 2. gr. laganna.

Þrátt fyrir ákvæði um fjárfestingarstefnu og ákvæði 9. gr. um rekstraráætlun er mögulegt að ávöxtun eigin fjár verði neikvæð. Því er mælt fyrir um að verði eigið fé minna en þrjár milljarðar skal ávaxta eigið fé samkvæmt fjárfestingarstefnu þar til lágmarksfjárhæð skv. 1. mgr. er náð. Í slíkum tilfellum getur sjóðurinn því ekki tekið þátt í verkefnum skv. 1. mgr. 2. gr. laganna, fyrr en lágmarksfjárhæð eigin fjár er náð.

<p>verja hluta höfuðstólsins til sömu verkefna.]³⁾ ¹⁾Rg. 770/1997. ²⁾L. 92/2004, 1. gr. ³⁾L. 32/1999, 1. gr.</p>		
<p>8. gr. Ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Arður af eigin fé sjóðsins. 2. Afborganir og vextir af útlánnum sjóðsins. 3. Hlutafjáreign sjóðsins. 4. Aðrar tekjur. 	<p>8. gr. Ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Arður af eigin fé sjóðsins. 2. Afborganir og vextir af útlánnum sjóðsins. 3. Hlutafjáreign sjóðsins. 4. Aðrar tekjur. <p>Nýsköpunarsjóði er heimilt, með samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra, að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.</p> <p>Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar Nýsköpunarsjóðs að taka þátt í verkefni með hlutafjárkaupum er sjóðnum heimilt að veita lán til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Þá er Nýsköpunarsjóði heimilt að veita ábyrgðir til þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest í eða veitt lán, enda sé slík ábyrgðarveiting liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.</p>	<p>Í greininni er ákvæði sem veitir Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins heimild til að fjárfesta í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra. Með 5. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., var kveðið á um að Nýsköpunarsjóður skyldi fá 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007–2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%. Er ákvæðinu ætlað að skjóta stoðum undir slíka starfsemi Nýsköpunarsjóðs.</p> <p>Þá er mælt fyrir um heimildir Nýsköpunarsjóðs til að veita lán með breytirétti í hlutafé og lán með kauprétti hlutafjár og ábyrgðir. Gert er ráð fyrir að meginstarfsemi Nýsköpunarsjóðs verði að fjárfesta í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Í tilteknum afmörkuðum tilfellum verði þó heimilt að veita lán og ábyrgðir. Er stofnuninni</p>

		einungis heimilt að veita lán með breytirétti í hlutafé eða með kauprétti hlutafjár. Einnig er ábyrgðarveiting háð þeim takmörkunum að hún sé til aðila sem þegar eru viðskiptavinir stofnunarinnar og að hún sé liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun.
<p>9. gr. Nýsköpunarsjóður skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um lánveitingar, ábyrgðir, styrki og hlutafjárpátttöku skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir.</p> <p><input type="checkbox"/> Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans.</p>	<p>9. gr. Nýsköpunarsjóður skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um fjárfestingar, lán eða ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir.</p> <p><input type="checkbox"/> Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á lágmarks eigið fé, sbr. 7. gr.</p>	<p>Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í a-lið ákvæðisins leiða af þeirri tillögu að starfsemi Nýsköpunarsjóðs verði takmörkuð við fjárfestingar, ábyrgðir og lán.</p> <p>Ákvæði b-liðar ákvæðisins er í samræmi við þær breytingar sem gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, þ.e. að lágmarksfjárhæð eigin fjár verði þrjú milljarðar króna.</p>
<p>10. gr. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er einungis heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Lán má ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum</p>	<p>10. gr. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er einungis heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Lán má ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum</p>	<p>Í a-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu. Sá möguleiki er fyrir hendi að í tengslum við ávöxtun eigin fjár</p>

<p>endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.</p> <p><input type="checkbox"/>[Sjóðnum er einnig heimilt að leggja fé úr stofnsjóði í framtakssjóði með öðrum fjárfestum. Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í hverjum framtakssjóði má ekki vera meiri en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun framtakssjóða eða tiltekna þjónustu þeim til handa.]¹⁾</p> <p>¹⁾L. 92/2004, 2. gr.</p>	<p>endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Nýsköpunarsjóði atvinnulíffsins er heimilt að gera afleiðusamninga til að verjast gengisáhættu.</p>	<p>og þátttöku í fjárfestingum verði talið skynsamlegt að verja sjóðinn fyrir gengisáhættu með afleiðusamningum. Því er gerð tillaga um að Nýsköpunarsjóður hafi slíka heimild.</p> <p>Í b-lið ákvæðisins er gert ráð fyrir að 2. mgr. 10. gr. verði felld brott. Talið er að ákvæðið sé óþarft þar sem nú er mælt fyrir um heimild Nýsköpunarsjóðs til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sbr. 8. gr. frumvarpsins.</p>
<p>II. kafli. Tryggingardeild útflutningslána.</p> <p>■11. gr. [Auk þeirrar starfsemi sem lýst er í I. kafla skal við Nýsköpunarsjóð starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutnings.</p> <p><input type="checkbox"/>Hlutverk tryggingardeildar útflutnings skal vera að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum héraðs.</p> <p>Hlutverk sitt rækir tryggingardeild útflutnings með því að:</p> <p>1. taka að sér að tryggja útflutningslán sem lánastofnun veitir útflytjanda eða kaupanda, enda hafi lánið verið veitt til fjármögnunar í tengslum við íslenskan útflutning á vöru eða þjónustu,</p>	<p>[11.–13. gr., fellur brott og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.]</p>	<p>Ákvæðið mun hafa þær afleiðingar, ef af lögum verður, að tryggingardeild útflutnings flytjist frá Nýsköpunarsjóði. Í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að starfsemi tryggingardeildar útflutnings verði vistuð innan þeirrar stofnunar.</p>

2. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgðir vegna samnings á milli útflytjanda og kaupanda sem gerður hefur verið vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,

3. taka að sér að ábyrgjast eða tryggja ábyrgð fyrir efndum á þjónustu- eða verksamningi sem gerður er vegna íslensks útflutnings á vöru eða þjónustu,

4. gefa út verkábyrgðir eða tryggja verkábyrgð innlends aðila vegna framkvæmdar sem fer að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gerir opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu,

5. tryggja fjárfestingar innlends fjárfestis erlendis vegna stjórnámálalegrar áhættu,

6. tryggja búnað, sem innlendir aðili flytur á erlenda grundu í tengslum við verkefni þar, vegna stjórnámálalegrar áhættu,

7. gefa út annars konar ábyrgð eða tryggingu en að framan greinir, enda falli hún undir hlutverk tryggingardeildar útflutnings.

Heimildir tryggingardeildar útflutnings til að veita ábyrgð eða tryggingu takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og skal deildin að jafnaði hvorki veita ábyrgð né tryggingu vegna

--	--

viðskiptalegrar eða stjórnmalalegrar áhættu til skemmri tíma en tveggja ára í viðskiptum við aðila sem hafa staðfestu í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða öðrum ríkjum sem eru aðilar að Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og tilgreind eru í starfsreglum stjórnarnefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr.]¹⁾

□ Með stjórn deildarinnar fer sérstök stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn. Þar af skal einn maður tilnefndur af stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja í nefndinni og fulltrúar fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra. Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur deildarinnar.

□ Tryggingardeild útflutningslána tekur við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána sem starfrækt er samkvæmt lögum nr. 76/1987,²⁾ um lánasjóð, og er stofnfé hinnar nýju deildar ekki hluti af stofnfé sjóðsins skv. 1. mgr. 7. gr.

¹⁾L. 143/2002, 1. gr. ²⁾Felld úr gildi með L. 60/1997.

12. gr. [Stjórnarnefnd tryggingardeildar útflutnings ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll deildarinnar en þau skulu háð samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miðað við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu

<p>tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.]¹⁾</p> <p><input type="checkbox"/> Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði.</p> <p><input type="checkbox"/> Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.</p> <p>¹⁾L. 143/2002, 2. gr.</p>		
<p>13. gr. Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.</p> <p><input type="checkbox"/> [Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutnings vegna trygginga og ábyrgða skv. 11. gr. mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 130 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).]¹⁾</p> <p><input type="checkbox"/> Stjórnarnefnd tryggingardeildar setur deildinni nánari starfsreglur²⁾ sem háðar skulu samþykki fjármálaráðherra.</p> <p>¹⁾L. 143/2002, 3. gr. ²⁾Rgl. 38/2004.</p>		
<p>III. kafli. Endurskoðun, eftirlit,</p>	<p>II. kafli. Endurskoðun, eftirlit,</p>	<p>Tillagan leiðir af þeirri breytingu sem gert</p>

<p>gildistaka o.fl. ■14. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga. [Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup, lánveitingar og óafturkræf framlög Nýsköpunarsjóðs.]¹⁾ <input type="checkbox"/> Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun. ¹⁾L. 32/1999, 2. gr.</p>	<p>gildistaka o.fl. ■11. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga. Ársreikningi skal fylgja skrá yfir hlutafjárkaup Nýsköpunarsjóðs, þátttöku í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, lán og ábyrgðir.</p>	<p>er ráð fyrir í frumvarpi þessu að Nýsköpunarsjóður veiti ekki styrki.</p>
<p>15. gr. [Fjármálaeftirlitið]¹⁾ hefur eftirlit með því að starfsemi Nýsköpunarsjóðs sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um [opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi].¹⁾ ¹⁾L. 84/1998, 10. gr.</p>	<p>[15. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.]</p>	<p>Lagt er til í greininni að 15. gr. laganna falli brott. Verði frumvarp þetta að lögum mun Fjármálaeftirlitið ekki hafa eftirlit með Nýsköpunarsjóði eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Í frumvarpi til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem varð að lögum nr. 61/1997, var kveðið á um að Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefði eftirlit með starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Í athugasemdum við 15. gr. sagði í frumvarpinu: „Starfsemi sjóðsins byggist á nákvæmu mati á afskriftum, en skv. 9. gr. frumvarpsins skal varðveita eigið fé hans. Bankaeftirlitið býr yfir þekkingu á slíku mati. Jafnframt eru ýmsir þættir í starfsemi og stjórnun sjóðsins sambærilegir starfsemi þeirra stofnana sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með.“ Framangreind rök fyrir eftirliti bankaftirlitsins á sínum tíma eiga ekki við í ljósi breytinga í frumvarpi þessu á</p>

--	--

hlutverki sjóðsins sem verður hér eftir einungis heimilt að veita lán og ábyrgðir í tilteknum tilfellum. Starfsemi Nýsköpunarsjóðs er að mörgu leyti ólík annarri starfsemi sem fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Auk þess reynir ekki á neytendavernd eða fjármálastöðugleika með sama hætti og í eftirliti með fjármálafyrirtækjum.

Afnám 15. gr. núgildandi laga ásamt því að heimild sjóðsins til lánveitinga verður takmörkuð við undantekningartilvik leiðir af sér að Nýsköpunarsjóður fellur ekki lengur undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins heldur verður eftirlits- og endurskoðunarskylda Ríkisendurskoðunar talin fullnægjandi, sbr. 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga. Verði frumvarpið að lögum mun aðeins Ríkisendurskoðun hafa eftirlit með Nýsköpunarsjóði. Það byggist á því að Ríkisendurskoðun þarf að leggja mat á þá liði sem fram kom í ársreikningi og þær matsaðferðir sem notaðar eru í reikningsskilunum, þ.m.t. afskriftir sem um er getið í 9. gr. núgildandi laga. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar miða að því að reikningar séu í samræmi við heimildir laga, lögmæt fyrirmæli,

		starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni. Undir hlutverk Ríkisendurskoðunar fellur því m.a. að kanna hvort reikningar Nýsköpunarsjóðs séu í samræmi við ákvæði þessara laga, reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra og reglur sem stjórn sjóðsins setur. Undir störf Ríkisendurskoðunar fellur því m.a. að kanna hvort ávöxtun eigin fjár, mat á afskriftum og þátttaka í fjárfestingarverkefnum sé í samræmi við lög og reglur.
16. gr. Stjórnendur Nýsköpunarsjóðs og aðrir þeir sem vinna fyrir sjóðinn eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.	12. gr. Stjórnendur Nýsköpunarsjóðs og aðrir þeir sem vinna fyrir sjóðinn eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.	
17. gr. Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti ... ¹⁾ Lán sem sjóðurinn tekur eða veitir eru undanþeginn stimpilgjaldi. ¹⁾ L. 129/2004, 121. gr.	13. gr. Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti ... ¹⁾ Lán sem sjóðurinn tekur eða veitir eru undanþeginn stimpilgjaldi. ¹⁾ L. 129/2004, 121. gr.	
18. gr. Ráðherra setur í reglugerð ¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laganna. ¹⁾ Rg. 1060/2004.	14. gr. Ráðherra setur í reglugerð ¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laganna. ¹⁾ Rg. 1060/2004.	
19. gr. Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða [fangelsi allt að 2 árum] ¹⁾ liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. ¹⁾ L. 82/1998, 237. gr.	15. gr. Það varðar sektum liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að fara gegn ákvæðum laga þessara um: a. hlutverk Nýsköpunarsjóðs	Lagt er til að skilgreint verði með nánari hætti en gert er í gildandi löggjöf hvaða brot eru refsinnæm. Í íslenskri löggjöf hefur það tíðkast að einungis er almennt viðurlagaákvæði í lok laga. Hins vegar var

	<p>atvinnulífsins (2. gr.), b. ávöxtun eigin fjár (7. gr.), c. ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, fjárfestingarheimildir og heimildir til að veita lán og ábyrgðir (8. gr.), d. afskriftareikning (9. gr.), e. heimildir til töku skammtímalána og gerð afleiðusamninga (10. gr.). Það varðar sektum eða fangelsi allt að einu ári liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum að brjóta gegn ákvæðum laga þessara um þagnarskyldu (13. gr.).</p>	<p>í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki, sem varð að lögum nr. 161/ 2002, og frumvarpi til laga um verðbréfavíðskipti, sem varð að lögum nr. 33/2003, horfið frá þeirri venju. Í þeim var tilgreint nákvæmlega hvaða brot gegn lögnum vörðuðu refsingu og þá hvaða refsingu. Tekið hefur verið mið af þeim ákvæðum við samningu greinarinnar.</p>
	<p>16. gr. Nú er brot framið í starfsemi Nýsköpunarsjóðs og er þá heimilt að gera sjóðnum fésekt. Um refsíabyrgð fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga. Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum. Brot á lögum þessum varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sök samkvæmt ákvæðum 16. gr. fyrnist á fimm árum.</p>	<p>Í 1. efnismgr. er kveðið á um refsíabyrgð Nýsköpunarsjóðs. Í II. kafla A almennra hegningarlaga er kveðið á um refsíabyrgð lögaðila. Skv. 19. gr. a almennra hegningarlaga verður lögaðila gerð sekt ef lög mæla svo fyrir. Skv. 19. gr. c almennra hegningarlaga er refsíabyrgð lögaðila bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með sagnæmum hætti unnið refsinaeman og ólöglegan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Ekki er talin þörf á að mæla á annan hátt fyrir í</p>

		<p>frumvarpi þessu.</p> <p>Í 2. efnismgr. er ákvæði um tilraun og hlutdeild sem þarfnast ekki skýringa.</p> <p>Í 3. efnismgr. er kveðið á um að brot gegn frumvarpinu varði refsingu, óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Saknæmisstigið hefði hins vegar áhrif á refsíákvörðun.</p> <p>Samkvæmt 4. efnismgr. skal sök samkvæmt ákvæðum 14. gr. frumvarpsins fyrnast á fimm árum. Skv. 1. tölul. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga skal sök fyrnast á tveim árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem til er unnið fer ekki fram úr sektum. Skv. 4. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga er fyrningarfrestur vegna refsíabyrgðar lögaðila hins vegar fimm ár. Talið er skynsamlegt að mæla fyrir um að refsibrot samkvæmt frumvarpi þessu fyrnist í öllum tilvikum á fimm árum þar sem þau koma oft ekki í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum og rannsókn þeirra er tímafrek.</p>
<p>20. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýsköpunarsjóður skal taka til starfa 1. janúar 1998. ...</p> <p><input type="checkbox"/> Allur kostnaður af stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins greiðist af honum</p>	<p>17. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 11. gr. laga þessara taka gildi 1. janúar 2007.</p>	<p>Þar sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun að þau lög taki gildi 1. janúar 2007 er lagt til að ákvæði um tryggingardeild útflutnings taki gildi 1. janúar 2007. Að öðru leyti taki lögin gildi</p>

		við birtingu. Gefur það Nýsköpunarsjóði tækifæri til að nýta strax þær heimildir sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.
<p>Ákvæði til bráðabirgða. ... <input type="checkbox"/>... <input type="checkbox"/>Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, við starfi hjá Nýsköpunarsjóði og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði fellur niður er hann tekur við starfinu. <input type="checkbox"/>Nýsköpunarsjóður yfirtekur líffeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem taka við starfi í sjóðnum. <input type="checkbox"/>...¹⁾ ¹⁾L. 32/1999, 3. gr.</p>	<p>Ákvæði til bráðabirgða. ... <input type="checkbox"/>... Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs skal teljast hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs, sbr. 7. gr. laganna. Útboðnar einingar af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. skulu leystar upp innan tíu ára eftir að þær eru boðnar út og telst andvirði þeirra til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.</p>	<p>Í 3. mgr. 7. gr. gildandi laga um Nýsköpunarsjóð er kveðið á um vöruþróunar- og markaðsdeild. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sú deild falli niður og eigið fé hennar teljist hluti af eigin fé Nýsköpunarsjóðs. Einnig er með frumvarpi þessu gert ráð fyrir að stofnsjóður Nýsköpunarsjóðs teljist til eigin fjár hans. Í gildandi lögum er mælt fyrir um að útboðnar einingar skv. 2. mgr. 7. gr. skuli leystar upp innan tíu ára eftir að þær voru boðnar út og andvirðið renni til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Slíkt hefur enn ekki átt sér stað. Því er mælt fyrir um að slíkar einingar skuli teljast til eigin fjár Nýsköpunarsjóðs.</p>

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2180
komudagur 2.6.2006

Stofnsjóður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins
Rekstrarreikningar áráanna 1998 - 2005

Vörslutekjur og fjármagnsgjöld

Vörslutekjur	1.773.187.927
Þóknunartekjur	21.249.026
Gengisbreyting verðbréfaeignar	969.439
Sala fastafjármuna	8.418.035
Fjármagnsgjöld	-156.920.605
	1.646.903.822

Rekstrargjöld

Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni	80.226.933
Laun og launatengd gjöld	560.560.611
Annar almennur rekstrarkostnaður	373.642.872
Þátttaka annarra sjóða í rekstri	-235.159.780
Afskriftir	18.549.489
	797.820.125

Hagnaður fyrir fjárfestingaverkefni	849.083.697
-------------------------------------	-------------

Fjárfestingaverkefni

Tekjur vegna fjárfestinga í eignarhlutum	370.298.591
Sölutap v/ fjárfestinga í eignahlutum	-50.397.716
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum	298.848.808
Breyting á eignum framtakssjóða	-139.174.729
Innleystar ábyrgðir	-21.799.904
Framlag í afskriftareikning	-2.998.354.533
Veittir styrkir	-215.461.866
	-2.756.041.349

Tap áráanna	1.906.957.652
-------------	----------------------

Framtakssjóðir móttækir	602.339.487
Framlag frá ríkinu v/ Grænna lausna	200.000.000
Framlag frá ríkinu 1 milljarður	1.000.000.000

Eigið fé Stofnsjóðs í 31.12. 2005	3.895.381.835
-----------------------------------	---------------

From: Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Sent: 2. júní 2006 11:57
To: nefnd-ev; Guðjón Ólafur Jónsson
Cc:
Subject: FW: Fyrirspurn frá efnahagsnefnds

From: gudrun.thorleifsdottir@ivr.stjr.is [mailto:gudrun.thorleifsdottir@ivr.stjr.is]
Sent: 2. júní 2006 10:58
To: Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Subject: Fw: Fyrirspurn frá efnahagsnefnds

Sæl

Hérna koma umbeðnar upplýsingar um Nýsköpunarsjóð.

Kv.

Guðrún Þorleifsdóttir
lögfræðingur/Legal Adviser
iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti/Ministry of Industry and Commerce
Arnarhvoli,
IS-150 Reykjavík.
Tel: + 354 545 85 00.
Fax: + 354 562 12 89

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

Further information: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

----- Forwarded by Guðrún Þorleifsdóttir/IVR/NotesSTJR on 02.06.2006 10:57 -----

Gísli
Benediktsson
<gisli@nsa.is>
Togudrun.thorleifsdottir@ivr.stjr.is
cc
Subject:Fyrirspurn frá efnahagsnefnds

02.06.2006 10:27

Sæl Guðrún

Sendi þetta að beiðni Sveins Þorgríms.

Einnig fylgir hér með samandregið yfirlit yfir rekstrarreikning sjóðsins 1998-2005, sem gefur fyllri upplýsingar en tölurnar einar sér hér að neðan.

2.6.2006

Niðurst. rekstrarr. Niðurst. efnahagsr.

1998 491 6.282
1999 871 7.300
2000 - 173 6.913
2001 - 772 5.907
2002 - 1.311 4.399
2003 - 184 4.128
2004 - 429 3.764
2005 - 745 4.133

Með kveðju,
Gísli Benediktsson
gisli@nsa.is

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins / New Business Venture Fund
Borgartún 35, 105 Reykjavík
tel: 510 1800 fax: 510 1809
www.nsa.is

----- Forwarded by Gísli Benediktsson/Nýsköpunarsjóður/IS on 02.06.2006 10:21 -----

(See attached file: Rekstrarreikningur 1998 til 2005.xls)